

6. Frumvarp

til laga um breyting á póslögum 7. maí 1921.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Í stað »á öðru« í 2. gr. d. komi: eftir ráðstöfun póststjórnarinnar.

Á eftir liðnum e. komi nýr liður: f. Póstinnheimtum.

Í stað »f.« komi: g.

Framan við 3. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Í bæjum þar sem komið hefir verið á fót daglegum útburði póstbrjefa má enginn reka það sem atvinnu að safna saman, flytja eða bera út brjefasendingar (2. gr. a.).

Á eftir liðnum e. í 11. gr. komi nýr liður:

f. Fyrir póstinnheimtur innheimtar greiðist sama gjald og fyrir póstávisanir og þar að auki 25 aurar fyrir hverja kröfu, en fyrir hverja kröfu, sem eigi fæst borguð, skal að eins greiða 15 aura.

Í stað »f.« »g.« »h.« komi: g. h. i.

Í stað tveggja fyrstu málsgreinanna í 16. gr. komi:

Glatist ábyrgðarbrjef í vörslum póststjórnarinnar skal greiða sendanda allt að 36 kr. í skaðabætur.

Sje innihaldið glatað að nokkru eða öllu leyti og uppfyllt hafa verið nánari skilyrði, sem póststjórnin setur, má greiða skaðabætur er samsvari tjóninu.

Skaðabæturnar mega þó aldrei fara fram úr 36 krónum,

Glatist brjef með tilgreindu verði eða innihald þess að nokkru eða öllu leyti, meðan það var í vörslum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin skaðann, þó ekki fram yfir það, sem tilgreint var í brjefinu. Hafi innihaldið verið verðskjöl, sem hægt er að ógilda, getur póststjórnin sett það skilyrði fyrir skaðabótageiðslu, að eignarrjetturinn að samsvarandi upphæð verðskjalanna sje framseldur henni.

Komist það upp að verð póstsendingar sje í sviksamlegum tilgangi talið hærra en það er í raun og veru, skal engar skaðabætur greiða.

Pegar póstávisanir, póstkröfur og póstinnheimtur hafa verið borgaðar póstmanni eftir settum reglum ber póststjórnin ábyrgð á upphæðum þeirra og hafi þær verið útborgaðar skökkum viðtakendum og póstmaður eigi sök á því, skal bæta fjárhæðina að fullu samkvæmt reglum þeim, sem gefnar verða í reglugerð þeirri, sem getur um í 27. gr.

Hafi póstkröfusending glatast eða skaddast eða þá innihaldið glatast allt eða eitthvað af því í vörslum póststjórnarinnar er eigi hægt að heimta upphæð póstkröfunnar, en skaðabæturnar verða að ákveðast eftir reglum þeim, sem settar eru í þessari grein, um þá tegund sendinga, sem hún heyrir undir.

Sje póstkröfusending afhent viðtakanda án þess að póstkrafan hafi

verið innheimt, hefir sendandi rjett til að heimta að póströfuupphæðin sje sjer borguð af póststjórninni.

Á eftir orðunum »afleiðingar skaðans« í næst síðustu málsgrein 16. greinar komi: þar af leiðandi hvorki símakostnað, sendiferðakostnað nje málskostnað.

Á eftir 28. gr. komi ný grein svohljóðandi:

29. gr.

Ráðherra hefir heimild til að ákveða að burðargjaldstaxtar þeir, sem 11. gr. ræðir um, megi innheimtast með öðrum upphæðum en þar eru settar, ef gengi íslenskrar krónu kynni að gefa tilefni til þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1925.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ástæðan fyrir breytingunni á 2. gr. d., er sú, að það kemur fyrir að menn vilja fá póstávisanir afgreiddar innan umdæmis sama pósthúss, þannig að útborgun fari fram við sama pósthúsið, þar sem póstávisunin er innborguð, og sýnist ekkert vera á móti því. Svo gæti líka komið til greina að símastjórninni væri falið að greiða símapóstávisanir að einhverju leyti, eins og á sjer stað sumstaðar í útlöndum.

Það þykir líka ástæða til að bæta við í sömu gr. undir liðnum f. póstinnheimtum. Í sumum atriðum eru þær hentugri til afnota en póströfur. Þær eru notaðar í viðskiftum við útlönd. Því þykir líka rjett að nota þær einnig innanlands.

Viðbótin við 3. gr. þykir nauðsynleg af því, að það getur komið fyrir, að einstakir menn vilji fara að hafa atvinnu af því að taka að sjer brjefaburð á vissum svæðum, þar sem haganlegt er, en láti póststjórnina hafa útkjálkana, þar sem brjefaútburður er kostnaðarsamastur.

Þetta hefir verið reynt og eigi loku fyrir skotið að það verði reynt aftur.

Breytingin eða viðbótin við 11. gr. er að eins taxti fyrir póstinnheimtur og er hann hinn sami og fyrir póstinnheimtur í viðskiftum við útlönd.

Með breytingum við 16. gr. er farið fram á að hækka skaðabætur fyrir ábyrgðarbrjef í samræmi við það, sem er í viðskiftum við Danmörku og önnur útlönd miðað við gullgildi íslensku krónunnar.

Ábyrgðargjaldið fyrir þessi brjef er hið sama og því virðist rjett að skaðabæturnar sjeu líkar.

Svo þykir líka ástæða til að borga bætur, þótt brjefið glatist eigi með öllu, ef gengið er frá innihaldinu fulltryggilega eins og t. a. m. er ákveðið um peningabrjef eða verðbrjef.

Þá þykir og rjett i þessari grein póslaganna að ákveða skaðabætur fyrir póstávisanir, póströfur og póstinheimtur.

Sömuleiðis virðist ástæða til þess að taka sjerstaklega fram, að póststjórnin borgi engar bætur fyrir kostnað, sem sendandi eða viðtakandi kann að baka sjer, oftast að ástæðulausu, með símskeytum, sendiferðum eða málaprasi.

Ef vanskil verða á einni eða annan hátt þarf póststjórnin að hafa frið til að rannsaka; málið og fá upptýst, hvernig á þeim stendur og hverjum sje um að kenna, áður en skaðabætur eru greiddar.

Með því að miklar breytingar hafa orðið á gengi íslenskrar krónu að undanfögnu og eigi ómögulegt að slíkt geti komið fyrir aftur, verður það að teljast hyggilegt, að ráðherra sje heimilað að breyta tóxtum þeim, sem ákveðnir eru í 15. gr. og er það ástæðan fyrir að 29. er bætt við.